



Reykjavík, 9. september 2015

GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR SPILLIEFNAMÓTTÖKU – EFNAMÓTTAKAN HF., HAFNARFIRÐI

INNGANGUR

Starfsleyfistillaga fyrir Efnamóttökuna hf., um starfssemi að Berghelli 1 í Hafnarfirði, var auglýst á tímabilinu 15. maí til 10. júlí sl. Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

ATHUGASEMDIR UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGD UMHVERFISSTOFNUNAR

Á auglýsingatímanum barst fyrirspurn frá íbúasamtökunum á Völlum um starfsleyfið og fyrirhugaða starfssemi. Umhverfisstofnun brást við fyrirspurninni með því að boða til opins kynningarfundar, sem var haldinn þann 7. júlí sl. að Norðurhelli 2 í Hafnarfirði.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, dags. 3. júlí sl., var jákvæð. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna, en fram kemur að þess sé vænst að tilhlýðilegur mengunarvarnabúnaður sé ávallt til staðar.

Í umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 10. ágúst sl., er ekki lagst gegn veitingu starfsleyfis en bent á að eðlilegast sé að starfssemi hefjist ekki fyrr en að öryggisúttekt/lokaúttekt byggingarfulltrúa sé lokið.

Umsækjandi gerði athugasemd við losunarmörk fyrir olíu í frárennsli, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfinu. Þar eru losunarmörk fyrir olíu 15mg/L, en umsækjandi benti á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefði veitt Sorpu bs. Gufunesi rýmri mörk í starfsleyfi, eða 100mg/L fyrir olíu og fitu samanlagt. Umsækjandi leitaði til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins með þetta mál, sem óskaði eftir greinargerð frá Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hvaða rök lægju til grundvallar settum losunarmörkum á fitu og olíu í starfsleyfi Sorpu bs. Heilbrigðiseftirlitið svaraði sbr. bréf dagsett 8. september sl. og þar kemur fram að mörkin 100mg/L fyrir olíu og fitu byggi á leiðbeinandi gildum fra Orkuveitu Reykjavíkur fyrir meginþætti fráveituvatns frá iðnaði og þá með áherslu á fyrirtæki í matvælaíðnaði. Í þessu sambandi er vert að taka fram að meginástæða fyrir takmörkun á losun á olíu og fitu er til að sporna gegn því að fráveitulagnir stíflist af völdum losunar. Í svari heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að þessi mörk séu hugsuð fyrir fyrirtæki í matvælaíðnaði og þar sem starfssemi Sorpu bs. í Gufunesi felist í að taka á móti og meðhöndla heimilissorp hafi þótt eðlilegt að setja þeim þessi mörk, þar sem gert er ráð fyrir að aðallega sé um að ræða fitu úr dýrum og plöntum en ekki jarðefnaolíu. Í svari heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að miðað við eðli starfssemi Efnamóttökunnar þá sé eðlilegra að mörkin ættu eingöngu við olíu, það er jarðefnaolíu. Í ljósi ofangreinds telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að breyta losunarmörkum fyrir olíu í frárennsli frá auglýstri tillögu og verða þau því 15mg/L og miðast þá við eingöngu jarðefnaolíu en ekki dýra og plöntufitu.



KYNNINGARFUNDUR

Opin kynningarfundur um starfsleyfistillöguna var haldinn 7. júlí sl. Á fundinn mættu fulltrúar rekstraraðila, fulltrúar Umhverfisstofnunar, Bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar, einn bæjarfulltrúi og þrír íbúar. Fundurinn hófst með kynningu á starfsleyfistillögunni, ásamt kynningu á hvað starfsleyfi er og hvað það er ekki. Helstu fyrirspurnir snéru að mögulegri brunahættu, umferð og flutningum í tengslum við starfssemina og umhverfisásýnd starfsseminnar. Öllum fyrirspurnum var svarað á staðnum og er það skilningur Umhverfisstofnunar að fundargestir hafi gengið sáttir frá fundinum. Ekki bárust athugasemdir eða umsögn frá íbúasamtökunum í kjölfar fundarins.